Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu og Grunnavíkurhrepps haldinn í Fóstbræðraheimilinu 29-4-~~89~~ '89 kl $14^{00}$.

Formaður Þorvarður Jónsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.
Formaður bað Guðmund Halldórsson að taka að sér fundarstjórn.
31 félagi mætti á fundinn

Gengið var til dagsskrá.

1. Formaður flutti skýrslu stjórnar og lagði fram myndir af húsum úr hreppunum, og bað fólk að gefa upplýsingar um þau hús sem fundarmenn þekkja sögu um.

Vísast til skriflegrar skýrslu formanns sem varðveitt er í skjalasafni félagsins.

Baldur Jónsson spurði um tilkunns meðferðar á skotvopnum
Þorvarður las upp auglýsingu Sýslumanns varðandi meðferð skotvopna.

Eyþór Einarsson frá N.V.R.
tók til máls og sagðist ekki geta
svarað því nánar hvað varðar
beitingu á skotvopnum, en taldi
ekki óheimilt að hafa með sér
skotvopn á svæðinu.

Magnús Reynir taldi að menn
mættu bera með sér skotvopn

Bjarni Veturliðason taldi að menn
hefðu ekkert að gera með skotvopn
og vera að beita þeim í tíma og
ótíma öllum til ama.

Eyþór sagði að sami landvörður
yrði á komandi sumri. sagði
að stefnt væri að taka myndir
af öllum rústum og tóftum
og afla sögu þeirra.
Eyþór sagði að ósk hefði borist
frá Djúpbátnum um að hirða rusl
af svæðinu.
Hann taldi nauðsynlegt að hafa
tjaldstæði í Höfn í Hornvík.
Fundarstjóri frestaði umræðum

um skýrslu stjórnar og gaf kaffihlé.
Meira umræður urðu ekki um skýrsluna.

2. Ársreikningar 1-1. 1987 - 31-12 1988.
Kristinn Gíslason gjaldkeri skýrði
frá reikningum félagsins.

Tekjur kr. 75 391.55.
Kostnaður kr. 42417,55.
Hrein eign 31-12 1988. kr. 108 643.74.

Reikningarnir voru samþ. samhljóða

3. Stjórnarkjör.
Stjórnin var öll endurkjörin með
lófaklappi, en hana skipa

Þorvarður Jónsson Formaður Hans
Hilaríusson ritari Kristinn Gíslason
gjaldkeri.
Aðrir í stjórn eru Arnór Stígsson
Magnús Reynir Guðmundsson.
Varastjórn Ásgeir Jónsson Guðmundur
Halldórsson Þórður Júlíusson
Endurskoðendur. Kristján Jónasson Magnús
Guðmundss. til vara Sigríður Guðmundsdóttir
Gunnar Geirsson

4. Árgjald haldist óbreytt kr 400
á ári innheimt á einum gíróseðli
Samþ. samhljóða

5. Önnur mál.
Formaður taldi að ekki hafi
verið staðið rétt að för ferðamanna
sl sumar um friðlandið.
sagði að nauðsynlegt hafi verið
að hafa samband við Hornstrandarnefnd
svo hægt hafi verið að ræða
þessa ferð.

Hallvarður Guðlaugsson spurði hvort
nokkuð hafi gerst varðandi veiðar
á fuglum sel og refi, og hvort
ekki væri hægt að fylgja fastar
á sýslumanninum á Ísafirði
um að halda banni á notkun
skotvopna í friðlandinu
Formaður og Eyþór lýstu stefnu
og störfum Hornstrandarnefndar
og N.V.R. um þessi mál, meðal
annars er unnið að breytingu á
lögum um þessi mál

Magnús Reynir ræddi um stöðu Sléttuhrepps í Sveitarstjóralögum Grunnavíkurhreppur var sameinaður Snæfjallahrepp.
Með nýjum sveitastjórnalögum skulu öll svæði heyra undir byggð sveitafélög.
Magnús telur að ekki verði hægt að halda Sléttuhrepp utan þessara laga, og telur að hreppurinn verði sameinaður þeim hreppum sem til stendur að verði sameinaðir.

Magnús ræddi um friðlandið frá upphafi þess að það var stofnað. Hann sagði að það hafi verið mikil tortryggni í garð N.V.R. í upphafi, en telur að það hafi verið rétt ákvörðun um samstarf við N.V.R. og samband þar á milli verið gott og hagstætt varðandi friðlandið.

Magnús var mótfallinn byggingu skála sem minnst hefur verið á til dæmis í Hlöðuvík.

Magnús taldi að eftirlit þyrfti
að vera meira á friðlandinu.

Þorvarður sagði að fjallað hafi
verið um sameiningu hreppsins
við Snæfjallahrepp í Hornstrandanefnd
14 júlí 1989.
Hann taldi að hafið verið að
standa á móti sameiningu.

Þorvarður sagði að komið hafi upp
sú hugmynd að gera landeigendur
verði á svæðinu gagnvart ferðafólki
sem ferðast um svæðið, og hagar
sér ekki sómalega.
Meðal annars að gefa út skírteini
frá Náttúruverndarráði

Rætt var um sumarhúsbyggingu á
Hesteyri. Nægar upplýsingar liggja
ekki fyrir varðandi eignarhald
Tarz & Tórs.

Eyþór sagði að rætt hafi verið
um að koma upp varanlegri
tjaldstæðum sérstaklega í Höfn

og einnig ná dauða til dæmis með því að þurrka svæðin.

Hallvarður benti því til Landeigendaf. að fjölgað yrði landvörðum þá væri það kunnugur maður á svæðinu sem ráðinn væri og einnig kunnugur refaveiðum.
Hallvarður sagði að það hafi ekki verið gerðar neinar áætlanir til þess að eyða mink í friðlandinu, og taldi hann að það væri nauðsynlegt að ~~senda~~ beina því til Sýslumanns að senda mann á þetta svæði.

Fundarstjóri óskaði nýjum stjórn farsældar í starfi.
Egyþór Einarsson formaður N.V.R. þakkaði fyrir að hafa fengið boð um að vera hér í dag.
Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl 17.

Hans Hilaríusson